

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 54. Alþjóðavinnumálabingið í Genf 1970.

Fimmtugasta og fjórða þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var háð í Genf dagana 3.—25. júní 1970.

Dagskrá þingsins var svo hljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
 2. Fjárhagsmálefni stofnunarinnar.
 3. Framkvæmd samþykta og tillagna Alþjóðavinnumálabingsins.
 4. Orlof með launum (síðari umræða).
 5. Lágmarkslaun og skyld málefni, með sérstöku tilliti til þróunarlanda (síðari umræða).
 6. Sérstakar áætlanir um vinnu og þjálfun unglinga (síðari umræða).
 7. Réttindi stéttarféлага og samband þeirra við borgaraleg réttindi.
 8. Vernd og fyrirgreiðsla til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað.
- Auk framangreindra dagskrárliða fjallaði þingið um nokkur atriði varðandi skipulag Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og einnig um yfirlýsingu varðandi apartheid-stefnu Suður-Afríku, sem gerð var á þinginu 1964.

Alls sóttu þingið um 1250 manns frá 111 ríkjum, en aðildarríkin voru þá 121. Ísland átti ekki fulltrúa á þessu þingi.

Skal hér gerð nokkur grein fyrir hverju dagskrármáli fyrir sig, en samþykktir og tillögur þingsins eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Skýrsla framkvæmdastjórans skiptist jafnan í tvo hluta, annars vegar er greinargerð um starfsemi stofnunarinnar (ILO), en hins vegar er þar fjallað um ákveðið efni. Hinn sérstaki hluti skýrslunnar nefndist að þessu sinni: „Fátækt og lágmarkslífskjör, hlutverk ILO.“

Í skýrslunni er m. a. lögð áhersla á það, að sérhvert ríki, á hvaða þróunarstigi sem það er, setji ákveðið lágmark fyrir lífskjör þegna sinna, en slíkt lágmark hlýtur að vera mismunandi hátt, og fer það eftir efnahagsástandi og ýmsum öðrum ástæðum í hverju landi. Er í skýrslunni gerð grein fyrir ýmsum möguleikum til þess að hækka lágmark lífskjara. Einnig er bent á ýmsar leiðir fyrir ILO til þess að styðja og styrkja viðleitni þjóða í þessu efni.

Fyrir allmörgum árum gerðu Norðurlöndin með sér samkomulag um að þýða skýrslu framkvæmdastjórans á dönsku, norsku og sænsku til skiptis, og fær Ísland eins mörg eintök af þýðingunni og óskað er á kostnaðarverði.

Yfir 200 fulltrúar tóku til máls um skýrslu þessa.

Í svarræðu sinni minntist framkvæmdastjórinn þess, að stofnunin ætti nú fimmtíu ára starfsferil að baki, og sagði, að hún ynni nú af auknum krafti að því að auka frelsi manna þannig, að það nái til allra manna en sé ekki sérréttindi fárra. Aðalvandi vorra tíma, sagði hann, er sá, að við lifum nú breytingar, sem eru miklu umfangsmeiri og flóknari en nokkru sinni áður. Um er að velja breytingar, er byggist á lögum og rétti eða löglausa þróun. ILO hefur stóru hlutverki

að gegna þegar um er að ræða að tryggja það, að mannkynið gangi leið skynseminnar og velji breytingar á grundvelli laga og réttar.

Framkvæmdastjórinn lagði áherzlu á það, að ILO yrði að auka svæðisbundna starfsemi sína og starfsemi innan vissra atvinnugreina. ILO þyrfti að taka upp nánara samstarf við aðrar alþjóðlegar stofnanir og dreifa starfseminni. Hann sagði, að bæði ILO og aðrar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna ynnu að því, að efnahagslegar áætlanir miðuðu fyrst og fremst að velferð mannsins.

2. Fjárhagsmálefni.

Á þinginu 1969 var í fyrsta sinni gerð fjárhagsáætlun fyrir tvö ár í senn, þ. e. árin 1970 og 1971. Þess vegna átti þingið 1970 ekki að fjalla um neina fjárhagsáætlun. Hins vegar samþykkti þingið aukafjárveitingu að fjárhæð 700 000 dollara til þjálfunarstofnunarinnar í Torino, og hækkaði því framlag aðildarríkjanna nokkuð frá fyrri áætlun.

Framlag Íslands til stofnunarinnar fyrir árið 1970 var 26 852 dollarar, en 25 012 dollarar fyrir árið 1971.

3. Framkvæmd samþykkt og tillagna Alþjóðavinnuáætlunarinnar.

Alþjóðavinnuáætlunin er afdallega með tvennum hætti, þ. e. með samþykkt (Convention) eða tillögu (Recommendation).

Samþykkt er ekki bindandi fyrir neitt ríki nema það fullgildi hana, og hún gengur ekki í gildi fyrr en hún hefur hlotið fullgildingu a. m. k. tveggja ríkja. Um tillögu er það hins vegar að segja, að í henni felast ábendingar eða tilmæli um að aðildarríkin komi á hjá sér tilteknum umbótum á sviði félags- eða vinnu-mála.

Aðildarríki stofnunarinnar ber skylda til þess að gefa skýrslur um það, hvernig það framfylgir ákvæðum þeirra samþykkt, sem það hefur fullgilt. Sérstök sérfræðinganefnd fjallar um þessar skýrslur til þess að athuga hvort löggjöf hlutaðeigandi ríkja samrýmist ákvæðum samþykktanna. Þessi nefnd sendir álit sitt til stjórnar ILO, sem leggur það síðan fyrir ársþing stofnunarinnar. Á þinginu fjallar svo sérstök nefnd um málið.

Jafnan vill verða nokkur misbrestur á því að aðildarríkin sendi þær skýrslur, sem þeim ber, og þegar þetta þing var haldið höfðu ekki borizt nema 89.7% um-þeðinna skýrslna.

Árið 1967 samþykkti þingið, að framkvæmdastjóri ILO skyldi taka upp beint samband við þau ríki, sem ættu í erfiðleikum með að fullnægja ákvæðum þeirra samþykkt, sem þau hafa fullgilt, til þess að lagfæra misræmi milli alþjóðasamþykkt og landslaga. Þykir þessi aðferð hafa gefið góða raun.

4. Orlof með launum.

Þetta mál var til síðari umræðu á þessu þingi, og var gerð um það samþykkt, sem kemur í stað samþykktar nr. 52 frá 1936 um sama efni. Eldri samþykktin tók til allra manna í annarra þjónustu nema landbúnaðarfólks og sjómanna, en sérstakar samþykktir voru gerðar um orlof þessara stétta.

Hin nýja samþykkt tekur til allra manna í annarra þjónustu að undanteknum sjómönnum. Heimilt er þó, ef nauðsyn krefur, að undanskilja tiltekna flokka launþega.

Árlegt orlof má ekki vera skemmra en þrjár vikur fyrir eins árs starf, og binda má orlofsrétt skilyrði um lágmarksstarfstíma. Með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða á annan hátt, sem við á, skulu fjarvistir

frá vinnu vegna atvika, sem starfsmaðurinn ræður ekki, svo sem vegna veikinda, slysa eða barnsburðar, reiknaðar sem starfstími.

Almennir og hefðbundnir fridagar skulu ekki taldir með orlofsdögum, þótt þeir falli inn í orlofstímann. Með tilteknum skilyrðum skal ekki reikna með orlofi þann tíma, sem orlofsþegi er ekki vinnufær vegna veikinda eða slysa.

Allan orlofstímann á orlofsþegi að fá sín verjulegu laun eða meðallaun, þar með talið jafnvirði þess hluta launanna, sem greiddur er í öðru en peningum.

Veita má leyfi til þess að orlofi sé skipt, en þó skal jafnan veita a. m. k. tvær vikur samfelldar, ef ekki er sérstaklega um samið á annan veg. Þessi samfelldi hluti orlofsins skal tekinn innan árs, og afgangurinn innan 18 mánaða frá lokum þess árs, sem orlofsrétturinn miðast við. Þennan síðarnefnda frest má lengja með samþykki hlutaðeigandi starfsmanns.

Vinnuveitandinn ákveður í samráði við starfsmann, hvenær hann skuli fara í orlof, ef ekki er fyrir mælt á annan veg. Jafnan skal taka tillit til atvinnurekstursins og möguleika starfsmannsins til hvíldar og hressingar.

Samningar um niðurfellingu eða afsal orlofs skulu vera ógildir. Setja má sérstakar reglur um það, er starfsmaðurinn tekur að sér launað starf í orlofi sínu, sem fer í bága við tilgang þann, sem orlofi er ætlaður.

Með viðeigandi eftirliti eða öðrum ráðum, skal tryggja það, að reglum og fyrir-mælum um orlof sé tilhlýðilega framfylgt.

Við samanburð á ákvæðum samþykktarinnar og laga nr. 87/1971 um orlof, virðist gæta nokkurs misræmis.

Í 4. tölulið 5. greinar samþykktarinnar segir, að með tilteknum skilyrðum skuli telja fjarvistir vegna veikinda, slysa eða barnsburðar jafngilda vinnutíma við útreikning orlofs. Samsvarandi ákvæði er í 3. gr. laganna. Þar segir að það teljist vinnutími samkvæmt greininni þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi. Fjarvist vegna barnsburðar er þar ekki nefnd.

Í 2. tölul. 6. greinar samþykktarinnar segir, að með tilteknum skilyrðum skuli ekki lenkna með í orlofi þann tíma, sem hlutaðeigandi maður er ekki vinnufær vegna veikinda eða slysa. Í þessu ákvæði virðist felast það, að ef maður veikist eða slasast eftir að hann er kominn í orlof þá rofni orlofstaka hans. Samkvæmt 6. gr. laganna á starfsmaður rétt á því að fá orlofi sínu frestað, ef hann vegna veikinda eða slysa getur ekki tekið það á áður ákveðnum tíma. Hins vegar kveða lögin ekki á um það tilvik er orlofsþegi veikist eða slasast meðan á orlofi stendur.

Í 1. tölul. 9. greinar samþykktarinnar segir, að hinn tilskyldi samfelldi hluti orlofs skuli veittur og tekinn innan árs, og afgangurinn innan 18 mánaða frá lokum þess árs, sem orlofsrétturinn miðast við. Með samþykki hlutaðeigandi starfsmanns má lengja að ákveðnu marki frestinn til töku þess orlofs, sem umfram er ákveðið lágmark. Samkv. 4. gr. laganna er aðilum heimilt að vikja frá reglunum um skiptingu orlofs, en orlofi skal þó alltaf lokið fyrir lok orlofsársins.

Eins og að framan er rakið, virðist nokkuð skorta á það, að ákvæði íslenskra laga séu í fullu samræmi við umrædda samþykkt, og getur ráðuneytið því ekki mælt með fullgildingu hennar að svo stöddu. Hins vegar hefur ráðuneytið látið þýða orlofslögin á ensku og mun senda þau Alþjóðavinnuálagaskrifstofunni til athugunar.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal II.

5. Lágmarkslaun og skyld málefni með sérstöku tilliti til þróunarlanda.

Mál þetta var til fyrri umræðu á þinginu 1969 og var nú afgreitt með samþykkt og tillögu.

Samþykktin kveður svo á, að sett skuli ákvæði um lágmarkslaun fyrir alla flokka launþega, sem búa við þannig ráðningarkjör, að þörf sé að láta þá njóta slíkrar verndar. Hlutaðeigandi stjórnvald í hverju landi ákveður í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega, til hverra þetta ákvæði skuli taka. Ákvæði um lágmarkslaun skulu hafa lagagildi, og brot á þeim varða refsingu. Við ákvörðun lágmarkslauna skal taka tillit til þarfa launþega og fjölskyldna þeirra, með hliðsjón af almennum launum, framfærslukostnaði, almannatryggingum o. fl., svo og þarfarinnar fyrir efnahagslegar framfarir, framleiðni o. fl. Komið skal á nægilegu eftirliti með framkvæmd ákvæða um lágmarkslaun.

Tillagan hefur að geyma ýtarlegri ákvæði um aðferðir við ákvörðun lágmarkslauna.

Ekki eru í íslenskum lögum ákvæði um efni samþykktarinnar, og getur því ekki verið um fullgildingu af Íslands hálfu að ræða.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal I og tillagan sem fylgiskjal III.

6. Sérstakar áætlanir um vinnu og þjálfun unglunga.

Fyrri umræða um þetta mál fór fram á þinginu 1969 og var það á þessu þingi afgreitt með tillögu.

Í tillögu þessari er bent á nauðsyn þess að gera sérstakar ráðstafanir varðandi vinnu og starfsþjálfun unglunga með það fyrir augum, að þeir geti notið sín sem bezt og tekið virkan þátt í framþróuninni í löndum sínum. Lagt er til, að gerðar séu sérstakar áætlanir um menntun og þjálfun unglunga og aðstoð þeim til handa við að koma fyrir sig fótum í atvinnulífinu.

Tillaga þessi er prentuð hér með sem fylgiskjal IV.

7. Réttindi stéttarféлага og samband þeirra við borgaraleg réttindi.

Á þessu þingi fóru fram almennar umræður um sambandið á milli almennra borgaralegra réttinda og réttinda stéttarféлага, og var gerð ályktun um málið.

Í ályktun þessari viðurkennir þingið, að þau réttindi, sem félagssamtök atvinnurekenda og launþega njóta, hljóti að byggjast á virðingu fyrir þeim borgaralegu réttindum, sem nefnd eru í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og samþykkt þeirra um borgaraleg og pólitísk réttindi. Án virðingar fyrir þessum réttindum geti réttindi stéttarféлага ekki haft neina þýðingu. Lýst er áhyggjum yfir endurteknum brotum á réttindum stéttarféлага og skorað er á aðildarríkin og Alþjóðavinnuástandofnunina að efla og standa vörð um félagafrelsi almennt og réttindi stéttarféлага.

8. Vernd og fyrirgreiðsla til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað.

Þetta mál hefur verið á döfinni í vaxandi mæli hin síðari ár, en um það er reyndar að nokkru fjallað í samþykktum ILO um félagafrelsi og réttinn til að gera heildarsamninga. Það var því ákveðið að taka málið til umræðu á Alþjóðavinnuástandofninginu, og var það til fyrri umræðu á þessu þingi.

Niðurstaðan af þessum umræðum varð sú, að þingið skyldi gera tillögu um málið. Var gengið frá drögum að slíkri tillögu á þessu þingi og ákveðið að hún skyldi koma til endanlegrar afgreiðslu á næsta allsherjarþingi.

Vernd sú og aðstoð, sem hér er um að ræða, á að taka til fulltrúa eða trúnaðarmanna verkafólks á vinnustað, hvort sem þeir eru tilnefndir af hlutaðeigandi stéttarfélagi eða kosnir af þeim, sem á vinnustaðnum starfa. Vernd til handa þessum trúnaðarmönnum á að vera í því fólgin, að tryggt sé, að atvinnurekandinn láti þá í engu gjalda þess, að þeir sinna þessum trúnaðarstörfum, svo sem með uppsögn eða á annan hátt, heldur skuli þeir jafnvel halda starfi sínu öðrum fremur, ef fækka þarf starfsfólki.

Þá er og gert ráð fyrir ákvæðum, sem tryggja það, að trúnaðarmenn hafi aðstöðu til að gegna trúnaðarstörfum sínum, m. a. með því að veita þeim innan vissra marka leyfi frá störfum án kaupskerðingar.

Gert er ráð fyrir því, að framfylgja megi þessum ákvæðum með lagaboðum, heildarsamningum eða á annan hátt, eftir því sem við á í hverju landi.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 131 um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, saman komið til 54. þingsetu sinnar eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar hinn 3. júní 1970, vísar til ákvæða Samþykktarinnar frá 1928 um lágmarkslaun og Jafnlauna-samþykktarinnar frá 1951 sem báðar eru fullgiltar af mörgum ríkjum, svo og Samþykktar frá 1951 um lágmarkslaun í landbúnaði, og

telur þessar samþykktir hafa gegnt veigamiklu hlutverki til verndar réttlágra stétta launþega, og

telur að tími sé kominn til þess að setja nýjar reglur til viðbótar þessum samþykktum og til þess að tryggja það, að launþegum séu ekki greidd óhæfilega lág laun, en það hefur jafnframt almennu gildi, sérstaka þýðingu fyrir þróunarlöndin, og

þar sem þingið hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur varðandi ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda, en það er fimmta mál á dagskrá þingsins og

þar sem það hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir þingið í dag, hinn 22. júní árið 1970 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um lágmarkslaun, 1970:

1. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að koma á fót kerfi lágmarkslauna, sem taki til allra flokka launþega, sem húa við þannig ráðningarkjör að viðeigandi sé að láta þá njóta slíkrar verndar.

2. Hlutaðeigandi stjórnvald í hverju aðildarríki ákveður hvaða flokkar launþega skuli verndaðir. Skal það gert með samþykki eða að höfðu nánú samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna þar sem þau eru til.

3. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd hennar, sem gefin er samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, greina þá flokka launþega, sem ekki eru verndaðir samkvæmt þessari grein og hvers vegna þeir eru það ekki. Aðildarríkið skal einnig í síðari skýrslum sínum skýra frá því hvernig háttáð er lögum þess og framkvæmdum, að því er tekur til þeirra flokka, sem ekki eru verndaðir, og að hve miklu leyti samþykktinni er framfylgt eða áformað er að framfylgja henni að því er tekur til slíkra flokka manna.

2. gr.

1. Ákvæði um lágmarkslaun skulu hafa lagagildi og vanræksla á því að framfylgja þeim skal varða þá, sem hlut eiga að máli, viðeigandi refsingu eða öðrum viðurlögum.

2. Að teknu tilliti til ákvæða 1. töluliðs þessarar greinar, skal virða að fullu réttinn til að gera heildarsamninga.

3. gr.

- Meðal þeirra atriða, sem taka skal til greina við ákvörðun lágmarkslauna, skal eftir því sem við á og mögulegt er með tilliti til venju í hverju landi, taka tillit til,
- þarfa verkamanna og fjölskyldna þeirra með hliðsjón af almennum launum í landinu, framfærslukostnaði, bótum almannatrygginga og afkomuskilyrðum annarra stétta þjóðfélagsins,
 - efnahagslegra þátta svo sem þarfarinnar fyrir efnahagslegar framfarir, framleiðni og þess hve æskilegt það er að koma á og viðhalda sem mestum atvinnu- möguleikum.

4. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal koma á og viðhalda aðferðum, sem hæfa aðstæðum og þörfum í hverju landi, til ákvörðunar og leiðréttingar launa á hverjum tína fyrir þá flokka launþega, sem réttinda njóta samkvæmt ákvæðum 1. greinar.

2. Í sambandi við upptöku slíkra aðferða, framkvæmd þeirra og breytingar á þeim skal gera ráðstafanir til þess að fullt samráð sé haft við aðalsamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, eða hlutaðeigandi vinnuveitendur og verkamenn ef slík samtök eru ekki til.

3. Þar sem það hæfir þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun lágmarkslauna, skal gera ráðstafanir til þess að beinan þátt í framkvæmd þeirra taki,

- með jöfnum rétti fulltrúar samtaka vinnuveitenda og verkamanna eða hlutaðeigandi vinnuveitendur og verkamenn ef slík samtök eru ekki til;
- menn, sem viðurkenndir eru sem fulltrúar almennra hagsmuna í landinu og tilnefndir eru að höfðu fullkomnu samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna þar sem þessi samtök eru til og slíkt samráð er í samræmi við lög eða venju.

5. gr.

Til þess að tryggja raunverulega framkvæmd allra ákvæða um lágmarkslaun, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir svo sem með nægilegu eftirliti auk annarra nauðsynlegra aðgerða.

6. gr.

Samþykkt þessi skal ekki talin breyta neinni gildandi samþykkt.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjóran skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þessi hefur verið skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í

annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sálmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álita það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

- a. fullgilding aðildarríkis á hinn nýju samþykkt ipso pure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
- b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 132 um árlegt orlof með launum (endurskoðuð 1970).

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 54. þingsetu sinnar, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hinn 3. júní 1970, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um launað orlof, en það er fjórða mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag hinn 24. júní 1970 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um orlof með launum (endurskoðuð), 1970:

1. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal framfylgja með lögum eða reglugerðum, að svo miklu leyti, sem þeim er ekki framfylgt á annan hátt með heildarsamningum, úrskurðum gerðardóma eða dómstóla, lögboðnum aðferðum eða á annan þann hátt, sem samrýmist venju í hverju landi eftir því sem við á.

2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra manna í annarra þjónustu að undanteknum sjómönnum.

2. Að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða aðili, að höfðu samráði við félagssamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, þar sem slík félög eru, gert ráðstafanir til þess að undanskilja ákvæðum samþykktar þessarar lakmarkaða flokka vinnandi manna, ef vinnu þeirra er þannig háttáð, að það mundi verulegum vandkvæðum bundið að láta samþykktina taka til þeirra, af ástæðum, sem varða framkvæmd, löggjöf eða stjórnskipan.

3. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd hennar, sem gefin er samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, tilgreina þá flokka, sem undanskildir hafa verið samkv. 2. tölulið þessarar greinar, og jafnframt skal það skýra frá ástæðum til þess. Í síðari skýrslum sínum skal ríkið gera grein fyrir lögum, sínum og framkvæmd að því er varðar hina undanskildu flokka, og jafnframt að hve miklu leyti ákvæðum samþykktarinnar er framfylgt eða áformað er að framfylgja þeim með tilliti til þessara flokka manna.

3. gr.

1. Sérhver maður, sem samþykkt þessi tekur til, skal eiga rétt á árlegu orlofi með launum, og skal lágmark þess ákveðið.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal í yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjali þess, tiltaka lengd orlofs.

3. Orlof skal aldrei skemmra vera en þrjár vinnuvikur fyrir eins árs starf.

4. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur með síðari yfirlýsingu tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að það ákveði lengra orlof en það, sem tiltekið var, þegar fullgilding fór fram.

4. gr.

1. Nú hefur maður á tilteknu ári unnið skemmri tíma en krafizt er til fulls orlofsréttar samkvæmt ákvæðum 3. greinar, og skal hann þá vegna þess árs eiga rétt á orlofi með launum í hlutfalli við starfstíma sinn á því ári.

2. Með orðinu „ár“ í 1. tölulið þessarar greinar er átt við almanaksárið, eða annað jafnlangt tímabil, sem ákveðið er af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða á þann hátt, sem við á í hverju landi.

5. gr.

1. Réttinn til árlegs orlofs með launum má binda því skilyrði, að hlutaðeigandi maður hafi unnið tiltekið lágmarkstímabil.

2. Lengd slíks réttindavinnslutíma skal ákveðin af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða á þann hátt, sem við á í hverju landi, en hann skal ekki vera lengri en sex mánuðir.

3. Aðferðin við útreikning starfstíma í sambandi við orlofsrétt skal ákveðin af hlutaðeigandi stjórnvaldi, eða á þann hátt, sem við á í hverju landi.

4. Með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru af hlutaðeigandi stjórnvaldi, eða á þann hátt, sem við á í hverju landi, skulu fjarvistir frá vinnu vegna ástæðna, sem starfsmaðurinn ræður ekki við, svo sem vegna veikinda, slysa eða barneigna, reiknaðar sem starfstími.

6. gr.

1. Almenna og hefðbundna frídaga skal ekki telja með í árlegu orlofi með launum samkv. 3. tölulið 3. greinar þessarar samþykktar, hvort sem þessir dagar falla inn í orlofið eða ekki.

2. Með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru af hlutaðeigandi stjórnvaldi, eða á þann hátt, sem við á í hverju landi, skal ekki reikna með í árlegu orlofi með launum samkv. 3. tölulið 3. greinar, þann tíma, sem hlutaðeigandi maður er ekki vinnufær vegna veikinda eða slysa.

7. gr.

1. Sérhver maður, sem tekur orlof, sem um ræðir í þessari samþykkt, skal allan orlofstímann fá a. m. k. sín venjulegu laun eða meðallaun (þar með talið jafnvirði í peningum þess hluta launa, sem greiddur er í friðu og ekki er föst greiðsla, sem innt er af hendi hvort sem hlutaðeigandi maður er í orlofi eða ekki) reiknuð eftir reglum, sem hlutaðeigandi stjórnvald setur, eða settar eru með þeim hætti, sem við á í hverju landi.

2. Þær fjárhæðir, sem greiða ber samkvæmt 1. tölulið, skulu greiddar hlutaðeigandi manni, áður en orlof hefst, nema annað sé ákveðið í samningi, sem tekur til hans og vinnuveitandans.

8. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald, eða þar til bær aðili í hverju landi, getur veitt leyfi til skiptingar orlofs með launum.

2. Ef ekki er öðruvísi ákveðið í samningi, sem tekur til vinnuveitandans og starfsmannsins, skal hluti orlofs vera a. m. k. tvær vinnuvikur samfelldar, enda veiti starfstími hlutaðeigandi manns rétt til svo langs orlofs.

9. gr.

1. Sá samfelldi hluti árlegs orlofs með launum, sem um ræðir í 2. tölulið 8. greinar þessarar samþykktar, skal veittur og tekinn innan árs, og afgangurinn innan 18 mánaða frá lokum þess árs, sem orlofsrétturinn miðast við.

2. Með samþykki hlutaðeigandi starfsmanns má lengja að ákveðnu marki frest þann til töku orlofs, sem tiltekinn er í 1. tölulið þessarar greinar, að því er tekur til þess hluta orlofs, sem umfram er ákveðið lágmark.

3. Lágmark það og tímamark, sem um ræðir í 2. tölulið þessarar greinar, skal ákveðið af hlutaðeigandi stjórnvaldi að höfðu samráði við félagssamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, með heildarsamningum eða með öðrum hætti í samræmi við venju, eftir því sem við á í hverju landi.

10. gr.

1. Nú er ekki kveðið á um það með reglugerðum, heildarsamningum, gerðardómi eða á annan hátt í samræmi við venju í landinu, hvenær orlof skuli tekið, og skal það þá ákveðið af vinnuveitandanum að höfðu samráði við hlutaðeigandi starfsmann eða fulltrúa hans.

2. Við ákvörðun þess hvenær orlof skuli tekið, skal taka tillit til þarfa atvinnurekstursins og möguleika starfsmannsins til hvíldar og hressingar.

11. gr.

Starfsmaður, sem lokið hefur lágmarksstarfstíma, sem svarar til þess, sem krafizt kann að vera samkv. 1. tölulið 5. greinar þessarar samþykktar, skal, er hann lætur af starfi, fá orlof með launum í hlutfalli við lengd þess starfstíma, sem hann hefur ekki þegið orlof fyrir, eða í þess stað greiðslu, eða að honum sé fært jafnlangt orlof til tekna.

12. gr.

Samningar um niðurfellingu réttar til árlegs lágmarksorlofs með launum, sem um ræðir í 3. tölulið 3. greinar þessarar samþykktar, eða um afsal slíks orlofs gegn þóknun, eða á annan hátt, skulu vera ógildir eða bannaðir, eftir því, sem við á í hverju landi.

13. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald eða annar þar til bær aðili, getur sett sérstakar reglur um það, er starfsmaðurinn tekur að sér launað starf í orlofi, sem fer í bága við tilgang þann, sem orlofi er ætlaður.

14. gr.

Með viðeigandi eftirliti eða öðru móti, skal gera virkar ráðstafanir miðaðar við þann hátt, sem hafður er á framkvæmd ákvæða samþykktarinnar, til þess að tryggja það, að reglur og fyrirmæli um orlof séu tilhlýðilega haldin og þeim framfylgt.

15. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur tekið á sig skuldbindingar þessarar samþykktar, sér í lagi að því er tekur til

- a. starfsmanna í atvinnugreinum öðrum en landbúnaði;
- b. starfsmanna í landbúnaði.

2. Sérhvert aðildarríki skal í fullgildingarskjali sínu tiltaka, hvort það undirgengst ákvæði samþykktarinnar varðandi þá, sem un getur í staflið a. í 1. tölulið þessarar greinar, þá, sem un getur í staflið b í 1. tölulið þessarar greinar, eða þeirra hvorutveggja.

3. Sérhvert aðildarríki, sem við fullgildingu hefur undirgengist skuldbindingar þessarar samþykktar að því er tekur til annað hvort þeirra, sem un getur í a-lið eða b-lið 1. töluliðs þessarar greinar, getur síðar tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, að það undirgangist skuldbindingar samþykktarinnar að því er varðar alla þá, sem samþykktin tekur til.

16. gr.

Þessi samþykkt kemur í stað Samþykktarinnar um orlof frá 1936, og Samþykktarinnar um orlof í landbúnaði frá 1952, með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Nú tekur aðildarríki, sem er bundið af Samþykkt um orlof frá 1936, á sig skuldbindingar þessarar samþykktar að því er tekur til starfsmanna í atvinnugreinum, öðrum en landbúnaði, og skal það þá hafa í för með sér ipso jure tafarlausa uppsögn þeirrar samþykktar.
- b. Nú tekur aðildarríki, sem er bundið af Samþykktinni um orlof í landbúnaði frá 1952, á sig skuldbindingar þessarar samþykktar, að því er tekur til starfsmanna í landbúnaði, og skal það þá hafa í för með sér ipso jure tafarlausa uppsögn þeirrar samþykktar.
- c. Gildistaka þessarar samþykktar skal ekki standa í vegi fyrir síðari fullgildingu á Samþykkt um orlof í landbúnaði frá 1952.

17.—24 gr.

Samhljóða 7.—14. gr. Samþykktar nr. 131 hér að framan.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 135 um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar saman komið til 54. þingsetu sinnar eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar hinn 3. júní 1970,

vísar til ákvæða Tillögunnar frá 1928 um lágmarkslaun, Tillögunnar frá 1951 um ákvörðun lágmarkslauna í landbúnaði og Jafnlaunatillögunnar frá 1951, sem hafa að geyma mikilsverðar leiðbeiningar fyrir þá, sem ákveða lágmarkslaun, og

telur að reynsla síðustu ára hafi undirstrikað þörfina fyrir nokkrar frekari athuganir varðandi ákvörðun lágmarkslauna, þ. á m. að setja mælikvarða, sem geri kerfi lágmarkslauna bæði raunhæft tæki til félagslegrar verndar og þátt í efnahagslegri og félagslegri framþróun, og

telur að ákvörðun lágmarkslauna ætti á engan hátt að skerða sameiginlegar samningsgerðir um ákvörðun launa yfir lágmarki, og

þar sem þingið hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar ábendingar um ákvörðun lágmarkslauna og skyld efni, með sérstöku tilliti til þróunarlanda, sem er fimmta mál á dagskrá þingsins, og

þar sem það hefur ákveðið, að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi, gerir þingið í dag, hinn 22. júní 1970 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um lágmarkslaun 1970:

I. Tilgangur með ákvörðun lágmarkslauna.

1. Ákvörðun lágmarkslauna á að vera þáttur í stefnu, sem miðar að því að sigrast á fátækt og uppfylla þarfir allra verkamanna og fjölskyldna þeirra.

2. Aðaltilgangurinn með ákvörðun lágmarkslauna ætti að vera að veita launþegum nauðsynlega félagslega vernd að því er tekur til leyfilegs lágmarks launa.

II. Atriði í sambandi við ákvörðun lágmarkslauna.

3. Við ákvörðun lágmarkslauna ætti m. a. að taka tillit til eftirfarandi atriða:

- þarfa verkamannanna og fjölskyldna þeirra;
- almennra launa í landinu;
- framfærslukostnaðar og breytinga á honum;
- bóta almannatrygginga;
- lífskjaranna í hlutfalli við aðrar stéttir;
- efnahagslegra þátta, þ. á m. þarfarinnar til efnahagslegra framfara, framleiðni og þarfarinnar á því að ná og viðhalda sem mestum atvinnumöguleikum.

III. Gildissvið ákvarðana um lágmarkslaun.

4. Sem flestir launþegar og launþegaflokkar ættu að falla undir ákvæði 1. greinar Samþykktarinnar um lágmarkslaun 1970.

5. 1) Reglur um lágmarkslaun geta tekið til launþega, sem 1. grein samþykktarinnar tekur til, annað hvort þannig, að ákveðið eitt lágmark launa gildi fyrir alla, eða ákveðið sé mismunandi lágmark fyrir mismunandi stéttir.

2) Enda þótt sett hafi verið eitt lágmark,

- þarf það ekki að vera því til fyrirstöðu að ákveðin séu mismunandi lágmarks-laun í mismunandi landshlutum með hliðsjón af mismunandi framfærslukostnaði;
- hefur það ekki áhrif á fyrri eða síðari ákvarðanir um lágmark launa einstakra stétta, sem sé hærra en hið almenna lágmark.

IV. Aðferðir við ákvörðun lágmarkslauna.

6. Aðferðir þær við ákvörðun lágmarkslauna, sem um ræðir í 4. gr. samþykktarinnar, geta verið breytilegar, svo sem þannig, að þau séu ákveðin með,

- lögum;
- ákvörðunum hlutaðeigandi stjórnvalds með eða án ákvæðis um, að tekið skuli tillit til tillagna annarra aðila;
- ákvörðunum launanefnda eða ráða;
- gerðardómum eða úrskurðum vinnudómstóla; eða
- því að gefa ákvæðum heildarsamninga lagagildi.

7. Samráð það, sem um ræðir í 2. lólul. 4. greinar samþykktarinnar ætti sér í lagi að vera fólgið á því að samráð sé haft um eftirtalin atriði:

- Val þeirra atriða, sem tekið er tillit til við ákvörðun lágmarkslauna.
- Lágmarkstaxta þá, sem setja á.
- Leiðréttingu annað veifið á lágmarkstöxtum launa.

- d. Vandamál, sem hafa komið í ljós við framkvæmd laga um lágmarkslaun.
- e. Söfnun upplýsinga og rannsóknir til fróðleiks fyrir þá aðila, er setja ákvæði um lágmarkslaun.
8. Í löndum þar sem settar hafa verið á fót nefndir, sem leiðbeina hlutaðeigandi stjórnvaldi í málum varðandi lágmark launa, eða ríkisstjórnin hefur falið að ákveða lágmarkslaun, ætti aðild að slíkum nefndum að vera hluti í þátttökustarfi varðandi lágmarkslaun, sem un ræðir í 3. tölulið 4. greinar samþykktarinnar.
9. Menn þeir, sem eru fulltrúar almennra hagsmuna í landinu og ákveðið er í 4. gr. 3. lölul. b í samþykktinni að taka skuli þátt í framkvæmd ákvæðanna um lágmarkslaun, ættu að vera vel hæfir, óháðir menn og gætu þeir, ef við á, verið opinberir starfsmenn er starfa að málum, sem varða vinnumál eða skipulagningu eða stefnumörkun í efnahags- og félagsmálum.
10. Eftir því sem unnt er í hverju landi ætti að gera það sem þarf til þess að safna hagskýrslum og öðrum upplýsingum, sem þörf er í sambandi við rannsókn þeirra þátta efnahagslífsins sem máli skipta, einkum þeirra sem nefndir eru í 3. grein, og væntanlega þróun þeirra.

V. Leiðréttingar lágmarkslauna.

11. Lágmarkstaxta launa ætti að leiðrétta við og við í samræmi við breytingar á framfærslukostnaði og öðrum efnahagslegum ástæðum.
12. Í þessu skyni mætti láta fara fram athugun á lágmarkslaunum með hliðsjón af framfærslukostnaði og öðrum efnahagslegum ástæðum, annað hvort á ákveðnum fresti, eða þegar slíkrar athugunar er talin þörf með tilliti til breytinga á framfærsluvisitölu.
13. 1) Til þess að greiða fyrir framkvæmd ákvæða 11. greinar ætti, eftir því sem aðstæður leyfa, að framkvæma reglulegar athuganir á efnahagslífinu, þ. á m. á breytingum á tekjum á íbúa, framleiðni og vinnumarkaði.
- 2) Tíðni slíkra athugana ælli að ákveða eftir aðstæðum í hverju landi.

VI. Framkvæmd.

14. Aðgerðir til tryggingar raunhæfum framkvæmdum allra ákvæða um lágmarkslaun, sem un ræðir í 5. grein samþykktarinnar, ættu að fela í sér:
- ráðstafanir til að kynna fólki ákvæðin um lágmarkslaun á því máli eða mállyzku, sem hinir vernduðu verkamenn skilja, og skal taka nauðsynlegt tillit til ólæsra;
 - ráðningu nægilega margra og þjálfaðra eftirlitsmanna, er hafi vald og aðstöðu til að inna starf sitt af hendi;
 - hæfileg viðurlög við brotum á ákvæðum um lágmarkslaun;
 - að lagaákvæði og reglur sé gert einfalt og aðrar ráðstafanir gerðar til þess að gera verkamönnum kleift að neyta réttar síns samkvæmt ákvæðum um lágmarkslaun, þ. á m. réttarins til greiðslu vangreiddra launa;
 - að fá félög vinnuveitenda og verkamanna til samvinnu um vernd verkamanna fyrir misrétti;
 - nægilega vernd verkamanna fyrir svikum.

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 136 um sérstakar áætlanir um vinnu og þjálfun unglunga, sem þátt í framþróuninni.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar saman komið til 54. þingsetu sinnar í Genf hinn 3. júní 1970 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofunnar,

vísar til ákvæða gildandi alþjóðasamþykktu um vinnumál og tillagna um þjálfun og vinnu unglunga, sérstaklega Tillögu frá 1935 um atvinnuleysi unglunga, Tillögu frá 1962 um starfsþjálfun og Tillögu frá 1964 um stefnu í vinnumálum,

telur að sérstakar áætlanir um vinnu og starfsþjálfun unglunga, sem miða að því að veita unglingum nauðsynlega hæfni til þess að aðlaga sig þjóðfélagsbreytingum, og taka virkan þátt í þróun síns lands, muni ásamt gildandi reglum stuðla að lausn atvinnuvandamála unglunga,

vekur athygli á því, að þessi vandamál hafa ekki verið umfangsmikil fyrr en hin síðari ár,

telur það mikilvægt að setja ákvæði um markmið, aðferðir og öryggi í slíkum sérstökum áætlunum á þann veg, að þau séu í fullu samræmi við fyrri alþjóðleg ákvæði um vinnumál, einkum Samþykkt frá 1930 um nauðungarvinnu og Samþykkt frá 1957 um afnám nauðungarvinnu,

hefur samþykkt að gera ákveðnar tillögur um sérstakar áætlanir um vinnu og þjálfun unglunga sem þátt í framþróuninni, en það er 6. mál á dagskrá þingsins og því gerir þingið í dag hinn 23. júní 1970 eftirfarandi tillögu sem nefnist Tillaga um sérstakar áætlanir vegna unglunga, 1970.

I. Efni sérstakra áætlana.

1. (1) Þessi tillaga tekur til sérstakra áætlana, sem miða að því að gera unglingum kleyft að taka þátt í störfum, sem miða að efnahagslegum og félagslegum framförum í löndum þeirra og afa sér menntunar, hæfni og reynslu, sem geri þeim auðveldara að vinna arðbær störf í framtíðinni og efla þátttöku þeirra í samfélaginu.
- (2) Þessar áætlanir eru hér á eftir nefndar „séráætlanir“.
2. Að því er tekur til þessarar tillögu getur eftirtalið talizt til séráætlana:
 - a. Áætlanir um að mæta þeim þörfum unglunga fyrir vinnu og þjálfun, sem ekki eru þegar uppfylltar með gildandi áætlunum um almenna fræðslu eða starfsþjálfun, eilegar með venjulegum möguleikum á vinnumarkaðinum.
 - b. Áætlanir, sem gera unglingum fært að nota hæfileika sína í þágu samfélagsins, einkum atvinnulausum unglingum, sem hafa menntun eða tæknilega hæfileika, sem samfélaginu er þörf á til framfara, einkum á sviði efnahags-, félags-, mennta- eða heilbrigðismála.

II. Almennar reglur.

3. (1) Séráætlanir ætti að skipuleggja innan ramma áætlana um þjóðfélagslegar framfarir þar sem þær eru fyrir hendi og sérstaklega ætti að samræma þær áætlunum um hæfni manna og hæfileika, sem miða að fullri arðbærri atvinnu og venjulegum áætlunum um menntun og þjálfun unglunga.
- (2) Séráætlanir ættu að vera til bráðabirgða og miða að því að mæta aðkallandi þörfum efnahagslegs og félagslegs eðlis. Þær ættu ekki að leiða til tvi-
verknaðar né skerða aðrar aðgerðir efnahagslegs eðlis eða framgang almennrar menntunar- og þjálfunarstarfsemi, og ekki skyldi litið á þær sem valkost fyrir þessar aðgerðir.
- (3) Séráætlanir ætti ekki að framkvæma á þann hátt, sem líklegur er til þess að skerða starfsskilyrðin, og ekki skyldu framlög þátttakenda í þeim notuð til hagsbóta fyrir einstaklinga eða einkafyrirtæki.
- (4) Séráætlanir ættu að veita þátttakendum a. m. k. lágmarksmenntun, þar sem það á við.
4. Meðal grundvallaratriða séráætlana ætti að vera það, að vernda mannlega virðingu, svo og að stuðla að þróun persónuleikans og ábyrgðartilfinningu gagnvart einstaklingum og samfélaginu.

5. Séráætlunum ætti að stjórna án mismununar vegna kynþátta, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, þjóðfélagslegs eða félagslegs uppruna. Þær skyldi nota til eflingar jafnréttis með tilliti til tækifæra og meðferðar.
6. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að skýra greinilega tilganginn með sérhverri séráætlun, og hvaða flokkar manna geti tekið þátt í henni. Þessi atriði ætti að endurskoða á tilteknum fresti í ljósi fenginnar reynslu.
7. (1) Þátttaka í séráætlunum á að vera frjáls. Undantekningar frá þeirri reglu er einungis hægt að veita með lögum, og svo framfarlega sem slíkar undantekningar séu í fullu samræmi við gildandi alþjóðavinnuálagssambýkktir um nauðungarvinnu og stefnu í vinnuálagum.
- (2) Áætlanir, sem þannig eru undanþægar, mega fela í sér:
 - a. áætlanir um menntun og þjálfun, sem hefur í för með sér þátttökuskyldu atvinnulausra ungmenna í vissan tíma að lokinni venjulegri skólaskyldu;
 - b. áætlanir fyrir ungmenni, sem fyrirfram hafa undirgengizt skuldbindingu um að láta í té þjónustu í ákveðinn tíma gegn því að fá möguleika til þess að öðlast menntun eða tæknilega þjálfun, sem er mikils virði fyrir framþróun samfélagsins.
- (3) Þar sem undanþágur eru þannig veittar, ætti að veita þátttakendum sem mesta möguleika til valfrelsis um mismunandi starfsemi og mismunandi landshluta og við ráðningu þeirra í vinnu þer að taka fullt tilliti til hæfni þeirra og eiginleika.
8. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að skilgreina fyllilega kjör þátttakendanna í séráætlunum. Kjör þessi ættu að vera í samræmi við lagaákvæði um lágmarksaldur við vinnu og í samræmi við önnur lagaákvæði, sem varða ungmenni í venjulegri þjálfun eða vinnu.
9. Þátttakendur ættu áfram að hafa möguleika til að vera félagar í æskulýðs- eða stéttarfélögum eftir sínum óskum, og taka þátt í félagsstarfinu.
10. Setja ætti skýrar reglur um möguleika þátttakenda til að áfrýja ákvörðunum um skráningu þeirra, ráðningu eða starfskjör, svo og einfaldar reglur um meðferð minni háltar umkvartana.

III. Áætlanir, sem uppfylla þarfirnar fyrir vinnu og þjálfun, sem ekki eru uppfylltar með gildandi áætlunum um almenna menntun eða starfsþjálfun eða með venjulegum möguleikum á vinnuarkaðinum.

A. Markmið.

11. Eftir aðstæðum og þörfum í hverju landi, ættu þær séráætlanir, sem þessi kafli tekur til, að stefna að einu eða fleirum eftirtalinn markmiðum:
 - a. Að veita ungmennum, sem illa eru sett með tilliti til menntunar, eða á annan hátt, möguleika til þess að afla sér þeirrar menntunar, hæfni og verklagni, sem nauðsynlegt er til þess að inna af höndum nytsöm og arðbær störf, og til þess að geta samlagazt samfélaginu.
 - b. Að fá ungmenni til þátttöku í efnahagslegum og félagslegum framförum, þ. á m. framþróun í landbúnaði og í málefnum dreifbýlisins.
 - c. Að sjá ungmennum, sem annars mundu vera atvinnulaus, fyrir nytsömum störfum, sem tengd eru efnahagslegum og félagslegum framförum.

B. Þátttaka.

12. Við val ungmenna til þátttöku í séráætlunum ætti að taka tillit til eftirfarandi atriða:
 - a. Aldur og menntun, þjálfun og starfsreynsla, ef einhver er, með tilliti til þess — eftir því hvers eðlis áætlunin er — að stefna þer að því að auka möguleika illa staddra ungmenna og gera þeim kleift að njóta góðs af áætluninni og að efla hana.

- b. Andlegir og líkamlegir hæfileikar til þeirra starfa, sem vinna skal, bæði meðan á þátttökunni stendur og síðar.
 - c. Í hve ríku mæli reynsla, sem samkvæmt áætluninni fæst, er líkleg til þess að auka atvinnumöguleika hlutaðeigandi ungmenna og gera þau hæfari til þess að láta eitthvað af mörkum til efnahagslegra og félagslegra framfara.
13. Hlutaðeigandi stjórnvald ætli að tillata aldursmörk til þátttöku, sem hæfi þjálfun þeirri, sem kostur er á og störfum þeim, sem inna skal af hendi samkvæmt hinum ýmsu séráætlunum. Skal í því efni hafa til hliðsjónar ákvæði í samþykktum ILO um lágmarksaldur við vinnu.
 14. Með séráætlunum ætti að veila sem flestum ungmönnum tækifæri til þess að hverfa að eðlilegum arðbærum störfum, eða að reglulegu námi, eða þjálfun, og þess vegna ætti þátttökutíminn að vera takmarkaður.
 15. Í sambandi við allar séráætlanir ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að væntanlegum þátttakendum sé ljóst hvaða skilyrði þarf að uppfylla m. a. um hegðun, um vinnuna, um hæfni, svo og hverra réttinda þeir njóta meðan á þátttöku stendur og þegar henni lýkur.

C. Efni séráætlana.

16. Efni séráætlana skal miða við og því má breyta í samræmi við aldur, kynferði, menntunar- og þjálfunarstig og hæfileika þátttakenda.
17. Í öllum séráætlunum skal gert ráð fyrir stuttum undirbúningstíma til þess:
 - a. að fræða þátttakendur um veigamikil atriði, sem þá alla varða, svo sem sérstaklega almennar reglur um öryggi og heilbrigði og nánari reglur um þá starfsemi, sem fram fer innan marka áætlunarinnar;
 - b. að venja þátttakendur við lífs- og vinnuskilyrðin innan ramma áætlunarinnar og glæða áhuga þeirra;
 - c. að kynnst hæfileikum þátttakenda með það fyrir augum að koma þeim í störf, sem þeim best henta.
18. Þátttakendum í séráætlunum ætti að veita viðbótarfræðslu m. a. á sviði þjóðfélagsmála, efnahagsmála og félagsmála, í samræmi við þarfir þeirra, svo og þarfir og viðleitni þjóðarinnar. Einnig ætti að fræða þá um hlutverk og starfsemi félaga, sem stofnuð eru á frjálsum grundvelli til þess að gæta hagsmuna verkamanna og atvinnurekenda.
19. Séráætlanir, sem að nokkru eða öllu leyti miða að því að veita ungmönnum með fáa möguleika, nauðsynlega hæfni til nytsamlegra starfa, ættu:
 - a. að miða sérstaklega að því að undirbúa þátttakendur undir störf í þeim greinum þar sem þeir mundu hafa möguleika á nytsamlegri vinnu, og um leið að taka sem mest tillit til óska þeirra um starf;
 - b. að veita þátttakendum trausta verklega og fræðilega þekkingu;
 - c. að taka tillit til hvetjandi áhrifa þátttakenda á aðra og að gera þá færa til slíkrar hvatningar;
 - d. að auðvelda og ef mögulegt er að tryggja það,
 - (i) að þátttakendur, einkum þeir, sem sýna sérstaka hæfileika, geti flutzt yfir á almennar menntunar- eða þjálfunaráætlanir, eða aðrar séráætlanir til frekari menntunar eða þjálfunar;
 - (ii) að þátttakendur geti flutzt yfir í venjuleg störf, einkum með því að sjá til þess að hæfni, sem þeir hafa náð, verði viðurkennd í þeim störfum.
20. Séráætlanir, sem miða að því að tengja ungmenni áformum um efnahagslegar eða félagslegar framfarir, ættu
 - a. að fela í sér þjálfun, sem a. m. k. nægir til þeirra starfa, sem á að vinna, svo og þjálfun í viðeigandi öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum;
 - b. að miða að góðum starfsháttum;
 - c. eftir því sem unnt er, að miða að því að koma þátttakendum í störf, sem þeir hafa tilhneigingu og nokkra hæfileika til.

21. Þau atriði, sem meta skal við val á verkefnum samkvæmt séráætlunum, sem um ræðir í 20. grein, ættu að vera:
- það framlag, sem þessi fyrirhuguðu verkefni geta veitt til eflingar atvinnulífsins í landinu eða viðkomandi héraði og sér í lagi til aukningar á síðari möguleikum þátttakenda;
 - gildi þjálfunar með sérstöku tilliti til starfsgreina, sem líklegar eru til að veita þátttakendum möguleika til nýsamra starfa;
 - gildi þeirra sem framlag til félagslegrar og efnahagslegrar afkomu, þ. á m. um kostnað og árangur;
 - þörf sérstakra aðgerða, sérstaklega til þess að koma í veg fyrir ósanngjarna samkeppni milli vinnu þátttakenda og verkafólks í almennri vinnu.

D. Starfskjör.

22. Starfskjör ættu a. m. k. að vera háð eftirfarandi reglum:
- Ráðningartíminn ætti yfirleitt ekki að vera lengri en 2 ár.
 - Þátttakendur ættu að geta fengið sig lausa fyrir lok ráðningartímans, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem heilsufarslegar ástæður eða erfiðleikar hlutaðeiganda eða fjölskyldu hans.
 - Tími sá, sem á dag eða viku fer til vinnu og þjálfunar, má ekki vera lengri en svo, að nægilegur tími sé til náms, hvíldar og fristundastarfa.
 - Auk hæfilegs húsnæðis, fæðis og klæða eftir því sem við á í samræmi við hverja séráætlun, ættu þátttakendur að fá greiðslu í reiðufé, og einnig ættu þeir að fá tækifæri og hvatningu til þess að safna sér sparifé.
 - Í séráætlunum þar sem ráðningartíminn er eitt ár eða meira ættu þátttakendur að fá árlegt orlof, svo og fritt far heim til sín og að heiman.
 - Eftir því, sem við verður komið ættu þátttakendur að njóta almannatrygginga eins og þeir, sem vinna samkvæmt venjulegum samningum. Ávallt ætti að sjá þátttakendum fyrir ókeypis læknishjálp og bótum vegna örorku eða dauða, sem er afleiðing slyss eða veikinda, sem fyrir koma meðan á framkvæmd séráætlunar stendur.

E. Val og þjálfun starfsliðs.

23. Allar séráætlanir ættu að vera þannig framkvæmdar, að þátttakendur séu undir eftirliti þjálfaðs starfsliðs, sem eigi kost á tæknilegum og uppeldislegum leiðbeiningum.
24. (1) Við val á starfsliði ætti ekki einungis að leggja áherzlu á hæfni og reynslu í þeim störfum, sem inna skal af hendi, heldur einnig skilning þess á ungu fólki, stjórnunarhæfileika þess og aðlögunarhæfni. Að minnsta kosti nokkrir í starfsliðinu ættu að hafa reynslu í venjulegum störfum utan séráætlana.
- (2) Athuga ætti alla möguleika á ráðningu starfsliðs þ. á m. ætti að hvetja þátttakendur í séráætlunum, sem sýnt hafa forustuhæfileika, til þess að búa sig undir slík störf.
25. Þjálfun yfirmanna og annars sérhæfðs starfsliðs ætti auk nauðsynlegrar faglegrar menntunar a. m. k. að vera fólgin í:
- þjálfun í kennslutækni, einkum þeirri, sem miðast við ungt fólk;
 - grundvallaratriðum mannlegra samskipta, einkum að því er tekur til rökfestu og afstöðu til vinnunnar;
 - þjálfun í skipulagningu vinnu þ. á m. að skipta störfum milli þátttakenda eftir hæfileikum þeirra og þjálfunarstigi.
26. Þjálfun stjórnenda ætti, auk nauðsynlegrar faglegrar sérþjálfunar, a. m. k. að vera fólgin í:
- leiðbeiningum, sem miða að því að veita hlutaðeigandi manni skilning á markmiðum séráætlunarinnar og þekkingu á vinnulöggjöf og lögum um

vernd ungmenna, svo og sérstökum reglum og reglugerðum, sem um séráætlunina gilda;

- b. leiðbeiningum, er veiti þeim nægilega þekkingu á hinni tæknilegu hlið á framkvæmd áætlunarinnar;
- c. þeim leiðbeiningum um mannleg samskipti, sem leiði til góðra samskipta við yfirmenn og annað sérhæft starfslið, svo og þátttakendurna.

F. Aðstoð við þátttakendur varðandi framtíðarstörf þeirra.

- 27. Meðan þátttakendur eru að störfum samkvæmt séráætlun ætti að gefa þeim upplýsingar og leiðbeiningar til þess að gera þeim auðveldara að velja sér framtíðarstarf.
- 28. Þátttakendum, sem sýna sérstaka hæfileika, ætti að hjálpa eftir föngum til þess að halda áfram námi og þjálfun að lokinni þátttöku sinni í séráætluninni.
- 29. Þegar að lokinni þátttöku í séráætlun ætti að gera ráðstafanir til þess að koma þátttakendum sem skjótast í arðbæra vinnu. Þessar ráðstafanir ættu að vera til viðbótar venjulegri starfsemi vinnumiðlunar og annarra hlutaðeigandi aðila.
- 30. Hve margir þátttakendur eru leystir frá séráætlun og á hvaða tíma ætti að miðast við það, hve mörgum efnahagslífið getur bætt við í arðbæra atvinnu. Þegar um er að ræða sérstakar skuldbindandi áætlanir ætti hverjum einstaklingi að vera tryggður réttur til að hætta þjónustu samkvæmt áætluninni, þegar liðinn er sá þjónustutími, sem í upphafi var ákveðinn.
- 31. Aðstoð til handa fyrri þátttakendum, sem hefja starfsemi fyrir eigin reikning eða sem aðilar að félagi, ætti ef mögulegt er, að veitast fyrir milligöngu stofnana, sem þegar eru fyrir hendi, og gæti verið fólgin í:
 - a. ráðstöfunum til þess að greiða fyrir þeim í sambandi við lánsfé, markaði og sparifjáröfnun;
 - b. framhaldandi sambandi við þá til þess að veita þeim hvatningu og nauðsynlegar tæknilegar leiðbeiningar varðandi starfsemi þeirra;
 - c. fjárhagslegri og stjórnunarlegri aðstoð, eins og mælt er fyrir í Tillögu frá 1966 um samvinnufélög, að því er til samvinnufélaga tekur.
- 32. Eftir því sem efni standa til, ættu þátttakendur, er þeir ljúka þjónustu á fullnægjandi hátt, að fá greiðslu í fé eða friðu, svo sem verkfærasett, til þess að létta undir með þeim við að koma sér fyrir í arðbærri atvinnu.

IV. Áætlanir, sem gera það mögulegt fyrir ungmenni, sem lokið hafa námi eða hafa faglega þekkingu, sem þjóðin þarfnast, að notfæra þekkingu sína í þágu samfélagsins.

- 33. Séráætlanir, sem þessi hluti þessarar tillögu tekur til, ættu að efla áhuga ungmenna á félagslegum og efnahagslegum framförum lands þeirra og glæða hjá þeim ábyrgðartilfinningu gagnvart samfélaginu.
- 34. Þátttakendum ætti að fá störf, sem þeir hafa sérstaka hæfileika til að vinna, eða störf sem líkust þeim.
- 35. Þegar þess gerist þörf, ætti að auka hæfni þátttakenda með því að þjálfa þá í leikni og starfsaðferðum, sem þörf er á við þau störf, sem inna skal af hendi.
- 36. Þess skyldi gætt, að þátttakendur eigi jafnan kost á leiðbeiningum og ráðleggingum hæfra aðila í vanda, sem þeir verða að leysa í sambandi við vinnu sína.
- 37. Ráðningarkjörin ættu a. m. k. að uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a. Starfstíminn ætti yfirleitt ekki að fara fram úr tveim árum;
 - b. Tilteknar ástæður, svo sem vegna heilsufars eða erfiðleika aðila sjálfs eða fjölskyldu hans, ætti að meta gildar ástæður til þess að hann fengi lausn frá starfi áður en ráðningartíminn er liðinn;

- c. Við ákvörðun á vinnu- og þjálfunartíma ætti að taka tillit til þarfa þátttakenda fyrir hvíld og fristundir;
 - d. Auk fæðis og húsnæðis, sem við á í hverju tilviki, ættu þátttakendur að fá hæfilega þóknun;
 - e. Í sambandi við áætlanir, sem laka ár eða lengri tíma, ætti að veita þátttakendum árlegt orlof, svo og ókeypis far heim til sín báðar leiðir;
 - f. Þátttakendur ættu að njóta réttinda til almannatrygginga eins og þeir, sem vinna samkvæmt venjulegum samningum. Ávallt ætti að veita ókeypis læknishjálp og örorku- og dánarbætur vegna örorku eða dauða, sem er afleiðing af slysi eða veikindum meðan á áætluninni stendur.
38. Gera ætti ráðstafanir til þess að auðvelda þeim, sem lokið hafa þátttöku, að fá vinnu í starfsgrein sinni.

V. Stjórnun.

- 39. Stjórnun og samræmingu séráætlana í landinu ætti að fela viðeigandi stjórn, sem hlutaðeigandi stjórnvald skipar.
- 40. Þar sem því verður við komið, ættu stjórnirnar að vera skipaðar fulltrúum ríkisstjórna og auk þess fulltrúum frá verkamönnum, atvinnurekendum og æskulýðsfélögum til þess að tryggja raunhæfa þátttöku þessara aðila í skipulagningu, framkvæmd, samræmingu, eftirliti og þróun séráætlana.
- 41. Í framkvæmd þessara starfa ættu stjórnirnar, eftir því sem þörf krefur, að hafa samráð við óháð félagssamtök og stjórnvöld, sem fara með tiltekin mál eins og vinnumál, menntamál, efnahagsmál, landbúnaðarmál, iðnaðarmál og félagsmál.
- 42. Stjórnirnar ættu að hafa stöðugt samband við þau stjórnvöld, sem bera ábyrgð á almennri menntun og þjálfun, til þess að unnið sé að samræmingu með það fyrir augum að afnema séráætlanir stig af stigi, eins fljótt og unnt er.
- 43. Leita ætti raunhæfrar þátttöku sveitarstjórna við val og framkvæmd verkefna fyrir séráætlanir.
- 44. Þegar stjórnvald er að koma á fót séráætlun, ætti það að leitast við að sjá fyrir nægilegu fjármagni, aðstöðu og sérhæfu starfslíði til þess að tryggja fulla framkvæmd áætlunarinnar. Í þessu sambandi ætti sérstaklega að athuga hvernig afla má tekna fyrir áætlunina með framkvæmd hennar sjálftrar. Ekki ætti að krefja þátttakendur eða fjölskyldur þeirra um nein fjárframlög.
- 45. Gera skal ráðstafanir til kerfisbundinna athugana og endurskoðunar á séráætlunum.
- 46. Skipulagningin á hverjum stað ætti að vera þannig, að þátttakendum sé kennt og þeir hvattir til þess að taka smám saman þátt í stjórn áætlana, sem þeir taka þátt í.

VI. Alþjóðleg samvinna.

- 47. Nú tekur ungmenni þátt í áætlun, sem miðar að framþróun í öðru landi, og ættu þá hlutaðeigandi stjórnvöld og stjórnir að heita viðeigandi ákvæðum þessarar tillögu, svo sem unnt er að því er snertir þeirra valdsvið, og þau ættu að hafa samvinnu með það fyrir augum að tryggja framkvæmd þeirra ákvæða í málum, sem krefjast sameiginlegra aðgerða, og einnig við lausn vandamála, sem rísa kunna í sambandi við slíka framkvæmd.

...the first of these is the fact that the ...

...the second of these is the fact that the ...

...the third of these is the fact that the ...

...the fourth of these is the fact that the ...

...the fifth of these is the fact that the ...